

Fundur 20.mars 2006-fyrri fundur

Ár 2006 þann 20.mars kom umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 10:20 Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra er sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Fyrir var tekið eina málið á dagskrá; úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum nýrrar veglínu Vestfjarðavegar nr. 60 milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi. Úrskurðurinn er frá 28.febrúar 2006 og var vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 9.mars sl.

Kærufrestur rennur út 30. mars 2006.

Í upphafi fundar var lagt fram bréf frá Gunnlaugi Péturssyni í Reykjavík. Þar óskar hann eftir að meðfylgjandi bréf sem hann sendi til Vegagerðarinnar fyrir nokkrum dögum verði tekið til umræðu á fundi nefndarinnar, áður en ályktun frá henni verði send hreppsnefnd Reykhólahrepps. Í bréfinu til Vegagerðarinnar reiknar Gunnlaugur út hve mikill verðmunur er á leið B og leið D með göngum undir Hjallaháls.

Niðurstaða Gunnlaugs er sú að einbreið göng undir Hjallaháls + leið D kosti nánast það sama og leið B með endurbótum sem bæði stuðningsmenn og andstæðingar B-leiðar krefjast.

Samþykkt að taka þetta bréf til umræðu á fundinum ásamt öllum öðrum skjölum sem fyrir fundinum liggja.

Samkvæmt úrskurði Skipulagsstofnunar er lagst gegn leiðum B og C í 2.áfanga vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa. Leið B er hafnað fyrst og fremst vegna þess að ógerningur sé að leggja veg samkvæmt þeirri veglínu út vestanverðan Þorskafjörð í gegnum Teigsskóg án þess að það hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og veglagning þar samræmist ekki lögum um náttúruvernd og stefnumörkun stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar.

Gengið var til atkvæða um það hvort nefndin ætti að mæla með að úrskurður Skipulagsstofnunar yrði kærður eða ekki. Tveir nefndarmenn (Tómas og Ása) greiddu atkvæði með kæru. Formaður nefndarinnar greiddi atkvæði gegn kæru.

Meirihluti nefndarinnar óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað:

*“Mikilvægast er að hugsa um velferð vegfarenda. Umferðaröryggi er mikilvægt og gildi Teigsskógar er ofmetið, bæði hvað fuglalíf varðar og eins umfang skógarins. Vegagerð í gegnum Teigsskóg hefur að okkar dómi ekki slík umhverfisspjöll í för með sér, að réttlætanlegt sé að hafna þeirri leið. Við mælum því með að fyrirbyggjandi úrskurður Skipulagsstofnunar verði kærður.*

**Ása Stefánsdóttir**

**Tómas Sigurgeirsson”**

Formaður nefndarinnar óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað:

*“Ég tek undir með niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gerð er grein fyrir í 5.kafla úrskurðarins, en þar er lagst gegn leiðum B og C í öðrum áfanga vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa. Í kafla 5.3.1. um áhrif á gróður kemur fram að Umhverfisstofnun hafi bent sérstaklega á að Teigsskógur sé á náttúruinjakrá og að veglagning í gegnum skóginn sé í andstöðu við 39.gr. laga um náttúruvernd,*

*auk þess sem stjórnvöld hafi lagt fram stefnu til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 þar sem m.a. kemur fram að forðast beri eins og kostur er að skerða frekar birkiskóga. Enn fremur tel ég vafasamt að þessi veglagning þjóni íbúum á svæðinu. Ég mæli þar af leiðandi ekki með að fyrirbyggjandi úrskurður Skipulagsstofnunar verði kærður.*

***Bjarki Stefán Jónsson."***

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:00

*Bjarki Stefán Jónsson (sign)*

*Tómas Sigurgeirsson (sign)*

*Ása B. Stefánsdóttir (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*